

**Nd.**

**57. Frumvarp til laga**

**[56. mál]**

um launamál o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

**1. gr.**

Til 31. desember 1963 er óheimilt að hækka kaup, laun, þóknun, uppmælingar- og ákvæðisvinnutaxta eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf frá því, sem um var samið eða greitt, þá er frumvarp til þessara laga var lagt fram á Alþingi. Tekur þetta til kaupgreiðsluákvæða kjarasamninga stéttarféлага og til auglýstra taxa þeirra, til ákvæða í launareglugerðum og launasamþykktum allra stofnana og fyrirtækja, og til ákvæða í ráðningarsamningum milli einstakra vinnuveitenda og einstaklinga. Þessi fyrirmæli taka enn fremur til launaákvæða samkvæmt I.—IV. kafla í lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og samkvæmt I.—IV. kafla í reglugerð nr. 159/1962, um kjarasamninga starfsmanna sveitarféлага.

Fyrirmæli 1. málsg. þessarar gr. taka til kauptryggingar bátasjómannanna svo og til hlutaskipta og hvers konar annarrar launagreiðslu, sem ákveðin er sem hundr- aðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti.

Það telst launahækkun samkvæmt 1. málsg. þessarar gr., ef stéttarfélög ákveða breytingu á vinnutíma, sem felur í sér hækkun eða leiðir til hækkunar á launa-

kostnaði, og er óheimilt að ákveða slíkt á tímabilinu frá því að frumvarp til þessara laga er lagt fyrir Alþingi og til 31. desember 1963.

Fyrirmæli 1. málsg. þessarar gr. taka til hvers konar aukagreiðslu til launþega, sem er hrein launaviðbót, en þau taka ekki til aukagreiðslu að því leyti sem hún fer til greiðslu raunverulegra útgjalda, sem fylgja starfi hlutaðeigandi launþega.

2. gr.

Nú hefur, á tímabilinu frá því að frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi og þar til þau öðluðust gildi, verið ákveðin launahækkun, sem óheimil er samkvæmt 1. gr., og er þá slík ákvörðun ógild, og hlutaðeigandi vinnuveitendum er óheimilt að hlíta henni.

3. gr.

Vinnustöðvanir til að knýja fram breytingar á launum eða breytingar á vinnutíma og öðru, er fela í sér launabreytingar, eru óheimilar meðan lög þessi eru í gildi. Þetta tekur einnig til vinnustöðvana, sem kunna að hafa byrjað á tímabilinu frá því að frumvarp til þessara laga var lagt fram á Alþingi og þar til þau öðluðust gildi.

4. gr.

Óheimilt er að hækka hundraðshluta álagningar á vörum í heildsölu og smásölu frá því, sem er, þá er frumvarp til þessara laga er lagt fyrir Alþingi. Sama gildir um álagningu á hvers konar selda vinnu og þjónustu, þar á meðal um meistaraálag.

Frá því að frumvarp til þessara laga er lagt fyrir Alþingi er óheimilt að hækka verð á öllum öðrum vörum en þeim, er um ræðir í 1. málsg., nema með samþykki viðkomandi yfirvalda, og mega þau ekki leyfa meiri hækkun en svarar sannanlegri verðhækkun efnivara og annarra kostnaðarlíða. Sama gildir um hvers konar selda þjónustu, þar á meðal um aksturstafta vörubifreiða, fólksbifreiða og sendiferðabifreiða og um fargjöld og flutningsgjöld skipa og flugvéla.

5. gr.

Félagsdómur sker úr ágreiningsatriðum varðandi túlkun á fyrirmælum 1.—3. gr. þessara laga, og eru úrskurðir hans fullnaðarúrskurðir.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1963.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að undanfögnu hefur skapast misræmi í efnahagslífinu vegna launakapplaups milli starfshópa og víxlhækkana kaupgjalds og verðlags. Ríkisstjórnin telur, að vinna megi bug á þessum vandamálum með samræmdum ráðstöfunum í launamálum, fjármálum og peningamálum, sem meðal annars feli í sér kjarabætur þeim til handa, sem verst eru settir. Mun ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi tillögur um slíkar ráðstafanir eins fljótt og aðstæður leyfa.

Nú hafa hins vegar á undanfögnu dögum og vikum orðið þeir athurðir, að gerðar hafa verið kröfur um miklar kauphækkanir og vinnustöðvanir boðaðar. Ef ekki er nú þegar gripið til aðgerða í launa- og verðlagsmálum, er hætt við, að ókleift reynist að treysta á ný efnahag þjóðarinnar á grundvelli óbreytts gengis. Því er frumvarp þetta um launa- og verðlagsstöðvun lagt frfram.

Lagt er til, að ákvæði frv. gildi til 31. desember næstkomandi, og er tilgangur þess að koma í veg fyrir yfirvofandi hækkunir verðlags og tilkostnaðar. Á meðan mun ríkisstjórn og Alþingi gefast tóm til að undirbúa þær aðgerðir í efnahagsmálum, sem nauðsynlegar eru til varanlegri lausnar vandamála. Jafnframt munu aðilar að kjaradeilum fá ráðrúm til að ræðast við og átta sig á afleiðingum þeirrar kröfugerðar, sem nú er uppi.

Frekari grein mun gerð fyrir efni og tilgangi frumvarpsins í framsögu. Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frv.:

#### Um 1. gr.

Í þessari grein eru aðalákvæði frv., um að ekki megi verða nein hækkun á launum og hvers konar öðrum greiðslum fyrir unnin störf til 31. desember 1963. Gert er ráð fyrir, að þessi ákvæði gildi frá þeim degi, er frv. þetta var lagt fram á Alþingi. Er þetta talið óhjákvæmilegt til þess að megintilgangi frv. verði náð. Augljóst er, að launahækkunir, er ættu sér stað frá framlagningardegi frv. og þar til það yrði að lögum, mundi torvelda mjög og jafnvel hindra framgang þeirra ráðstafana, er felst í frv.

Í 2. málsg. er kveðið svo á, að fyrirmæli 1. málsg. skuli m. a. taka til hlutaskipta og hvers konar annarrar launagreiðslu, sem ákveðin er sem hundraðhluti af afurða-verði, veltu eða öðru verðmæti. Þetta ber að skilja svo, að ekki megi hækka hundraðshluta slíkrar launagreiðslu frá því, sem gildir, þá er frv. er lagt fyrir Alþingi.

Fyrirmæli 1. málsg. hindra ekki fyrirfram ákveðna stighækkun launa samkvæmt kjaraákvæðum um, að laun skuli hækka eftir lengd þess starfstíma, sem launþegi er í þjónustu vinnuveitenda. Hér er að sjálfsögðu aðeins átt við launaákvæði, sem í gildi eru, þá er ákvæði frv. koma til framkvæmda.

Samkvæmt eðli málsins er nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að fyrirmæli 1. málsg. séu sniðgengin á þann hátt, að á stöðvunartímabilinu verði ákveðin breyting á vinnutíma, sem felur í sér hækkun eða leiðir til hækkunar á launakostnaði. Í 3. málsg. eru fyrirmæli til varnar því, að slíkt eigi sér stað.

#### Um 2. gr.

Hér er tekið fram, að hver sú launahækkun, sem hefur verið ákveðin á tímabilinu frá því að frv. var lagt fram og þar til það var lögfest, sé ógild, og að hlutaðeigandi vinnuveitendum sé óheimilt að taka hana til greina.

#### Um 3. gr.

Það er eðlileg afleiðing stöðvunar þeirrar á launahækkunum, er um ræðir í 1. málsg. 1. gr., að fram til næstu áramóta eigi sér ekki stað vinnustöðvanir til að knýja fram beinar eða óbeinar launabreytingar, og eru fyrirmæli þess efnis í fyrri málsg. 3. gr.

Samkvæmt 2. málslið 3. gr. verða, við gildistöku laganna, þær vinnustöðvanir óheimilar, sem kunna að hafa byrjað á tímabilinu frá því að frv. til þessara laga var lagt fyrir Alþingi og þar til þau öðluðust gildi.

#### Um 4. gr.

Fyrirmæli þessarar gr. stefna að því, að á stöðvunartímabilinu verði ekki aðrar verðhækkunir en þær, sem óhjákvæmilega leiða af auknum tilkostnaði fyrirtækja vegna verðhækkana erlendis frá, svo og vegna innlendra verðhækkana á efnivörum og hvers kyns öðrum aðkeyptum rekstrarnauðsynjum. — Fyrirmæli 4. gr. taka til allra vara og hvers konar þjónustu. Í 1. málgr. er ákveðið, að ekki megi hækka hundraðshluta álagningar á vörum í heildsölu og smásölu og á hvers konar seldri vinnu og þjónustu. Hér er átt við verzlunarvörur og önnur verðmæti, sem verðákvörðuð eru á þann hátt, að við kostnaðarverð hvernar sölueiningar er lögð fjárhæð, sem er reiknuð sem hundraðshluti af kostnaðarverði verðmætis, sem fyrir-

tæki kaupir til endursölu. Fyrirmæli 2. málsgr. eiga við allar aðrar vörur og aðra þjónustu en um ræðir í 1. málgr.

Yfirvöld þau, er mega leyfa óhjákvæmilegar verðhækkanir samkvæmt 2. málsgr., eru hin sömu og nú fara með verðlagsákvarðanir, hvert á sínu sviði, þ. e. verðlagsnefnd, samkvæmt lögum nr. 54/1960, sex manna nefnd, er ákveður verð landbúnaðarvara samkvæmt II. kafla laga nr. 59/1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., og lyfjaverðlagsnefnd, er ákveður verð á lyfjum til neytenda samkvæmt VII. kafla lyfsölulaga, nr. 30/1963. Loks eru einstaka verðlagsákvarðanir lögum samkvæmt í höndum viðkomandi ráðuneytis.

#### Um 5. gr.

Vegna starfssviðs og starfshátta félagsdóms liggur beinast við, að hann skeri úr ágreiningsatriðum varðandi túlkun á fyrirmælum 1.—3. gr., og er svo ákveðið í 5. gr.

#### Um 6. g 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.